

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Akranesi



Dags eftirlits	15.7.2013	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Árnason	Staðsetning	350350,973	426834,143

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki fundust frávik frá kröfum í starfsleyfi í eftirlitinu. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók Olíudreifingar á Akranesi. Farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Niðurföll í mengunarvarnaþróum tengjast lögnum sem liggja saman um loka við olíuskilju stöðvarinnar. Loki í frárennsli þróa stóð lokaður. Olíuskiljan (VERA-skilja) er þjónustuð eins og tilskilið er. Olíuleifar í frárennsli olíuskilju skal mælt á árinu.

Fimm geymar eru í stöðinni á Breiðinni en einn tvöfaldur svartolíugeymir við fiskimjölsverksmiðju HB Granda við Hafnarbraut 3A. Tveir geymar bættust við á árinu, en þá voru teknir í notkun tveir geymar í eigu Skeljungu. Allir geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Fimm lagnir stöðvarinnar haf verið þrýstiprófaðar á síðastliðnum fimm árum.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Tvö frávik síðasta árs hafa verið lagfærð. Vegna nálægðar við sjó gengur sjór yfir þróarveggin í stórviðrum og skemmir þróna. Gert hefur verið við það sem aflaga fór og því lýkur eftirfylgni með báðum frávikunum.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

ANNAÐ

Mæla skal olíuleifar í frárennsli olíubirgðastöðvarinnar á árinu.

Reykjavík, 17.12.2013

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.